
Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

21. fundur Stjórnar BS. bs. haldinn mánudaginn 12. júní 2017

kl. 08:15 í fundarsal BS. bs. á slökkvistöðinni í Keflavík.

Mættir eru: Friðjón Einarsson, Birgir Örn Ólafsson, Gísli Heiðarsson, Jóhann S. Sigurbergsson, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri og Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri. Sigrún Árnadóttir boðaði forföll. Sigursveinn B. Jónsson mætir í hennar stað.

Dagskrá.

Formaður setur fundinn.

Mál:

1. Húsnæðismál: útboð á sérteikningum að nýrri slökkvistöð.
 - Farið yfir gögnin sem Ríkiskaup hafa sent í örútböð varðandi hönnun á verkfræði- og lagnahluta byggingar nýrrar slökkvistöðvar.
2. Kaup á nýrri slökkviliðsbifreið.
 - Jón fór yfir vinnu sem er búin að vera í gangi með að fá verðtilboð í nýja slökkvibifreið. Komið er tilboð frá 2 aðilum og er beðið eftir tilboði frá 1 aðila. Stjórn samþykkir að halda áfram við þessa vinnu.
3. Fjármál.
 - Lagt fram yfirlit yfir rekstur BS.bs.
4. Skýrsla slökkviliðsstjóra.
 - Jón fór yfir fjölda útkalla sem hafa verið það sem af er ári.
 - Nýtt form á dagbókarkerfinu sem gefur okkur betur fært að skoða á myndrænan hátt hvernig útköll dreifast yfir árið og sólarhringinn og möguleika til enn frekari greininga en áður var.
 - Minnisblað frá skatta og lögfræðisvið Deloitte þar sem þeir eru að vinna í endurgerð virðisaukaskattskýrslna frá 2011. Er verið að reikna með að mögulega séu talsverðir fjármunir sem við eigum inni hjá ríkissjóð.
5. Önnur mál.
 - Umræður um brunann í Sandgerði í liðinni viku.

Fundi slitið kl.